

93
8. oktbr.

Útskrift

úr

gjörðabók amtsráðs Austuramtsins.

Ár 1907, mánudaginn 7. október, var aðalfundur amtsráðsins í Austuramntinu settur á Seyðisfirði og haldinn af forseta þess, sýslumanni og bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni, varaamtsráðsmanni Nordurmúlasýslu, síra Birni Þorlákssyni á Dvergasteini, aðalamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu, síra Jóni Guðmundssyni á Nesi og aðalamtsráðsmanni Austurskaftafellssýslu, Jóni prófasti Jónssyni á Stafafelli.

Úr Norðurþingeyjarsýslu var enginn mættur.

Á fundinum voru þessi mál tekin til meðferðar.

1. Forseti skýrði frá því, að alþingi 1907 hefði gefið eftir eftirstöðvarnar af lán-um Austuramtsins til útrýmingar fjárkláðans, teknum úr viðlagasjóði 24. sept. 1898 og 31. ágúst 1900, að upphæð samtals kr. 2200,00.
2. Forseti lagði fram þessa reikninga með fylgiskjölum:
 - a. Reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1906.
 - b. Reikning yfir tekjur og gjöld Búnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1906.
 - c. Reikning yfir tekjur og gjöld Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins árið 1906.
 - d. Reikning yfir tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1906.
 - e. Reikning yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar árið 1906.

Amtsráðsmennirnir skiftu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

3. Forseti lagði fram brjef, dags. 26. nóvember f. á., frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, þar sem frá því er skýrt, að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hafi á fundi 23. nóvember f. á. samþykkt í einu hljóði að taka tilboði amtsráðsins um, að Seyðisfjarðarkaupstaður eignist bókasafn Austuramtsins með skilyrðum þeim, er sett voru á síðasta aðalfundi amtsráðsins (tölul. 22, 1—5).

Amtsráðið ákvað að fela forseta sínum að afhenda bænum bókasafnið með því, er því fylgir.

4. Amtsráðið ákvað í einu hljóði, að Búnaðarsjóður Austuramtsins skuli um næstu áramót lagður undir stjórn Búnaðarfjelags Íslands, skal það fjelag geyma eignarskirteini hans og hafa reikningshald hans á hendi. Meðan búnaðarskóli er á Eiðum eða annarsstaðar í Austuramntinu, nýtur sá skóli $\frac{5}{6}$ af hinum árlegu vöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{6}$ leggist jafnan við höfuðstólinn. Fari svo, að engin búnaðarkenslustofnun verði í Austuramntinu, veitir stjórn Búnaðarfjelags Íslands $\frac{5}{6}$ af ársvöxtunum sem styrk til búnaðarframkvæmda þar eða sem námsstyrk búfræðisnemendum þadan, eftir að hafa leitað um það álits stjórnar allsherjarbúnaðarfjelags fyrir amtið, ef slíkt er til.
5. Samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta aðalfundi þess, hafði forseti leit- að álits sýslunefndanna í Norðurþingeyjarsýslu og Austurskaftafellssýslu um

það, hvernig Búnaðarskólasjóði Austuramtsins skyldi ráðstafað og lagði hann fram útdrætti úr gjörðabókum sýslunefndanna um þetta mál.

93
8. oktr.

Amtsráðið lítur svo á, að eigi megi verja Búnaðarskólasjóðnum eða vöxtum af honum til annars en að styrkja búnaðarskóla og getur því eigi fallist á tillögur áðurnefndra sýslufunda um það, að skifta sjóðnum milli Norðurþingeyjarsýslu og Austurskaftafellssýslu, er svo verji vöxtunum af upphæðum þeim, er þeim hlotnist, til eflingar búnaði á annan hátt. — Það ákvað því að leggja Búnaðarskólasjóðinn um næstu áramót undir stjórn Búnaðarfelags Íslands. Skal það fjelag geyma eignarskirteini hans og hafa reikningshald hans á hendi og verja $\frac{5}{6}$ af ársvöxtum hans til að styrkja búnaðarskóla í Austuramtinu, þó þannig, að ef búnaðarskóla verði komið á fót í Norðurþingeyjarsýslu eða Austurskaftafellssýslu, skal hinni úthlutuðu vaxtaupphæð varið til þess skóla; sju hinsvegar búnaðarskólar í báðum þessum sýslum, skal skólinn í Norðurþingeyjarsýslu njóta $\frac{4}{5}$ af hinni úthlutuðu vaxtaupphæð, en skólinn í Austurskaftafellssýslu $\frac{1}{5}$. Af ársvöxtunum skal jafnan leggja $\frac{1}{6}$ við höfuðstólinn.

6. Forseti lagði fram brjef, dags. 22. október f. á., frá verkfræðingi landsins, þar sem hann skýrir frá því, að hann eftir fyrirætlum stjórnarráðsins afhendi Norðurþingeyjarsýslu og Austuramtinu brúna á Jökulsá í Axarfirði samkvæmt lögum nr. 40 frá 6. nóvember 1902 til gæslu og viðhalds. Forseti lagði ennfremur fram 2 brjef frá sýslumanni Þingeyjarsýslu, dagsett 12. nóvember f. á. og 5. júní þ. á., viðvikjandi gæslunni og viðhaldinu á brúnni og skiftingu kostnaðarins við það; er þar talið sanngjarnt, að Norðurþingeyjarsýsla beri hálfan kostnaðinn en hinar 3 sýslur amtsins hinn helminginn.

Amtsráðið er sýslunefndinni í Norðurþingeyjarsýslu fyllilega samdóma um það, að bæta verði á landssjóðs kostnað úr galla þeim, sem eftir skýrslu hennar er á vegarsporðinum vestur frá akkerisstöpli brúarinnar vestan árinna áður en sýslan taki að sjer viðhaldið.

Þá fellst amtsráðið og á það, að sýslunefndaroddviti Norðurþingeyjarsýslu gefi út reglur um meðferð brúarinnar og umsjón.

Að því er skiftingu kostnaðarins við gæsluna og viðhaldið snertir, telur amtsráðið það óeðlilegt nú, eftir að öllu fjársambandi milli sýslna Austuramtsins er slitið, að hinar sýslur amtsins greiði nokkurn hluta þess og telur því sjálfsagt að lögunum frá 6. nóv. 1902 verði breytt.

Meðan það er eigi gjört, telur amtsráðið sanngjarnt að Norðurþingeyjarsýsla, sem ein hefir gagn af brúnni, greiði $\frac{2}{3}$ hluta viðhaldskostnaðarins, en hinar þrjár sýslurnar $\frac{1}{3}$ og skiftist hann niður á þær þannig, að Norðurmúlasýsla og Suðurmúlasýsla greiði hvor $\frac{11}{25}$ hluta hans, en Austurskaftafellssýsla $\frac{3}{25}$.

7. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, er taldir eru í tölulið 2 a—e hjer að framan Höfðu þeir endurskoðað þá, en ekkert fundið athugasvert. Voru reikningarnir því samþykktir athugasemdalaust.

- 93** 8. Amtsráðið ákvað, að eftirstöðvar jafnaðarsjóðsins í árslok 1907 verði látnar
8. oktbr. renna til bókasafns Austuramtsins.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.
Gjörðabókin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 8. október.

Jóh. Jóhannesson. Björn Þorláksson. Jón Guðmundsson. Jón Jónsson.

Rjetta útskrift staðfestir

Jóh. Jóhannesson.

94

Reikningur

yfir

tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1906.

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á.	kr.	2789	58
2. Jafnaðarsjóðsgjald:			
a. Úr Norðurþingeyjarsýslu	kr.	548	39
b. — Norðurmúlasýslu	—	1359	46
c. — Suðurmúlasýslu	—	1464	08
d. — Austurskaftafellssýslu	—	428	07
		<hr/>	
			3800 00
			<hr/>
	kr.	6589	58

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	1063	00
2. Til mentamála:			
a. Til bókasafns Austuramtsins	kr.	400	00
b. — kvennaskólans á Blönduósi	—	100	00
c. — kvennaskólans á Akureyri	—	100	00
d. — Eiðaskólans	—	500	00
e. — sama skóla til bóka og áhaldakaupa	—	100	00
		<hr/>	
	kr.	1200	00
3. Tillag til Búnaðarfelags Íslands	—	200	00
	fiyt kr.	2463	00